

# Kosningaþátttaka ungs fólks á Íslandi, kynslóðabil, áhugi á stjórnmálum og flokkshollusta

**Eiríkur Búi Halldórsson**, meistaranemi í opinberri stefnumótun og stjórnsýslu

**Eva H. Önnudóttir**, dósent, Stjórnmálafræðideild, Háskóli Íslands

## Útdráttur

Í þessari grein er fjallað um kosningaþátttöku í Alþingiskosningum á Íslandi og greint hvort að um mögulega kynslóðabreytingu sé að ræða, þar sem ungt fólk í dag tekur síður þátt í kosningum samanborið við ungt fólk áður fyrr. Notuð eru gögn úr Íslensku kosningarannsókninni og þegar áhrif aldurs, tíma og kynslóða eru aðgreind benda niðurstöður greinarinnar til þess að orðið hafi slík kynslóðabreyting. Fjallað er um hvort að þessa breytingu megi mögulega rekja til minni áhuga yngstu kynslóðar samtímans á stjórnmálum eða minnkandi flokkshollustu samanborið við ungt fólk áður fyrr. Helstu niðurstöður eru að áhugi ungs fólks á stjórnmálum hefur ekki breyst, hann er svipaður og hjá eldri kjósendum og hjá ungum kjósendum áður fyrr. Áhugi á stjórnmálum skýrir ekki minnkandi þátttöku ungs fólks í kosningum í dag. Niðurstöðurnar sýna að flokkshollusta hefur minna vægi meðal ungs fólks í dag sem hvati til að kjósa, og það ásamt óbreyttum áhuga ungs fólks getur mögulega bent til þess að ungt fólk aðhyllist frekar annars konar borgaralega þátttöku. Þó er ekki hægt að skera úr, að svo stöddu, hvort að um verulega breytingu sé að ræða á milli kynslóða eða hvort að breytingin sé fyrst og fremst tilkominn vegna seinkunnar á þátttöku ungs fólks í samfélaginu.

**Efnisorð:** Kosningaþátttaka; kynslóðabreyting; ungir kjósendur; áhugi á stjórnmálum; flokkshollusta.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 15, Issue 2 (229-254)

© 2019 Contacts: Eiríkur Búi Halldórsson, eirikurbui@gmail.com and Eva H. Önnudóttir, eho@hi.is

Article first published online Desember 17th 2019 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórnmál & stjórnsýsla 2. tbl. 15. árg. 2019 (229-254) Fræðigreinar

© 2019 Tengiliðir: Eiríkur Búi Halldórsson, eirikurbui@gmail.com og Eva H. Önnudóttir, eho@hi.is

Vefbirting 17. desember 2019 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2019.15.2.5>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

## Electoral participation in Iceland of the youth, generational gap, political interest and party identification

### Abstract

This paper is about electoral participation in national elections in Iceland, where we analyze whether there has been a generational change in participation where younger cohorts are less likely to vote throughout their lives compared to young people before. We distinguish between age, period and cohort effect on electoral participation, using data from the Icelandic National Election Study and we find that the youngest generation today is less likely to vote compared to earlier younger generations. We discuss and analyze whether those changes can be explained by a change in political interest and party identification of younger voters. Our findings point to that the youngest generation today is just as interested in politics as young people was before and as older voters are. Political interest among younger voters has not changed and it motivates young and old people to vote in a similar way as before. We do find that party identification is today a weaker motivator for young people to vote than it was before. This, together with that political interest has not changed, could indicate that the youngest generation is more inclined to participate in politics by other ways than voting. However, it cannot be excluded that the change in voting patterns of the youngest generation is due to a delay in their maturation, meaning that today they are older when they start to take an active part in the society.

**Keywords:** Electoral participation; generational change; young voters; interest in politics; party identification.

### Inngangur

Í þessari grein er fjallað um kosningabátttöku í Alþingiskosningum á Íslandi frá 1983 til 2017 og hvað getur skýrt hana, þar sem einkum er horft til kosningabátttöku ungs fólks.<sup>1</sup> Síðastliðna áratugi hefur kosningabátttaka farið lækkandi víða á Vesturlöndum (Blais o.fl. 2004; Blais 2000; Franklin o.fl. 2004; Gray & Caul 2000; Blais & Rubenson 2013) og þá sérstaklega hjá yngri kynslóðum (Bhatti o.fl. 2012; Blais o.fl. 2004; Dalton 2008; Esser & de Vreese 2007; Fieldhouse o.fl. 2007; Quintelier 2007; Blais & Rubenson 2013). Sögulega, hefur kosningabátttaka í Alþingiskosningum á lýðveldistímanum á Íslandi verið tiltölulega há, eða um 85%, en var lægst 79% í kosningunum 2016 (Hagstofa Íslands 2017). Það hversu víðtæk kosningabátttaka hefur verið á Íslandi hefur mögulega gert það að verkum að lítið er til af rannsóknum á kosningabátttöku á hérlandis, sér í lagi þegar kemur að Alþingiskosningum. Líkt og víðast hvar annars staðar hefur kosningabátttaka ungs fólks á Íslandi almennt verið lægri heldur en eldra fólks. Fram að þessu hafa tölur um kosningabátttöku bent til þess að þátttaka unga fólksins fari upp í að vera til jafns á við þá sem eru eldri fljótlega eftir að komið er á fullorðinsaldur, en ekki er ljóst hvort að það sé enn raunin (Landssamband æskulýðsfélaga 2013). Segja má að umræða og áhyggjur af lækkandi kosningabátttöku hafi hafist á Íslandi í kjölfar sveitastjórnar-

kosninganna 2014 (sjá t.d. Reykjavíkurborg 2014), þar sem kjörsókn lækkaði um 10,7 prósentustig frá kosningunum þar áður eða úr 73,5% í 62,8%, og hefur það verið tilefni töluverðar umræðu og rannsókna (sjá t.d. Bára Hulda Beck 2016; Grétar Eyþórsson & Eva H. Önnudóttir 2017; Ragný Þóra Guðjohnsen & Sigrún Aðalbjarnardóttir 2017). Lítið sem ekkert er til af rannsóknum á kosningaþátttöku í Alþingiskosningum og er það von höfunda að þessi grein sé til úrbóta á því.

Kosningaþátttaka er mikilvæg, meðal annars vegna þess að virk þátttaka almennings í stjórnmálaferlinu, þar með talið kosningum, er ein grunnstoða lögmætis lýðræðis (Dalton 1996). Víðtæk kosningaþátttaka er vottur um heilbrigði lýðræðis og er altækasta form pólitískrar virkni almennings (sjá t.d. Fieldhouse o.fl. 2007). Lág þátttaka í kosningum getur dregið úr líkum þess að niðurstöður kosninga endurspegli stuðning allra kjósenda (líka þeirra sem ekki kjósa) við kjörna fulltrúa og jafnframt leitt til þess að stjórnvöld taki ekki til greina eða gæti hagsmuna ákveðinna þjóðfélagshópa við ákvarðanatöku, sér í lagi ef að einstaklingar sem tilheyra þeim hópum eru ólíklegir til þess að kjósa. Ef kynslóðabreyting er að eiga sér stað, þar sem yngsta kynslóðin er ólíklegri til að kjósa út ævina, er mögulegt að til sé að verða hópur óvirkra kjósenda sem eiga sér ekki málsvara meðal valdhafa.

Skýringar sem hafa verið settar fram um það af hverju yngri kynslóðir séu ólíklegri til að kjósa í dag heldur en áður fyrr eru til dæmis að yngri kynslóðir í dag hafi minni áhuga á stjórnmálum heldur en áður fyrr (Ellis 2004), að ungt fólk tengi ekki við stjórnmál (Henn o.fl. 2002) og kjósi frekar annars konar stjórnmálaþátttöku heldur en að kjósa (Kimberlee 2002; Hooghe o.fl. 2016). Bent hefur verið á að lág kosningaþátttaka geti mögulega skilið eftir sig „fótspor“ af lágrí kosningaþátttöku í framtíðinni, og kosningaþátttaka nýrrar kynslóðar muni ekki hækka þegar þeir sem henni tilheyra eldast, í sama mæli og áður (Fieldhouse o.fl. 2007). Sú kynslóð sem er að vaxa upp í dag mun í framtíðinni gegna lykhilllutverki þegar kemur að félagsmótun komandi kynslóða, en félagsmótun gegnir lykhilllutverki í því hvort ungir kjósendur komi sér upp vananum að kjósa (Fieldhouse & Cutts 2016). Að því gefnu að sem víðtækust kosningaþátttaka sé mikilvæg í nútíma lýðræðisríkjum er það áhyggjuefni ef að kosningaþátttaka fer almennt lækkandi.

Í umræðu um minnkandi kosningaþátttöku ungs fólks hefur því verið haldið fram að hana megi skýra með takmörkuðum áhuga þeirra á stjórnmálum og að stjórnmálin höfði ekki til þeirra (Blais & Rubenson 2013). Í þessari grein er tekið til skoðunar hvort að kynslóðabreyting hafi mögulega átt sér stað. Beitt er svokallaðri aldurs-, tímabils-, og kynslóðagreiningu í aðhverfsgreiningu, til þess að greina hvort að yngri kynslóðir séu ólíklegri til þess að kjósa út ævina sem myndi sýna sig í lækkandi kosningaþátttöku almennt. Í framhaldi er greint hvort að það hafi orðið breyting á æviskeiðsáhrifum aldurs á kosningaþátttöku, þar sem skoðað er hvort að möguleg seinkun hafi orðið á þátttöku ungra kjósenda sem þýðir að þátttaka þeirra í kosningum hefjist síðar samanborið við ungt fólk áður fyrr. Jafnframt er greint hvort að minnkandi þátttaka yngri kjósenda skýrist af því að áhugi á stjórnmálum og tenging við stjórnmálaflokka í formi flokkshollustu séu ólíklegri til þess að ýta undir þátttöku samanborið við yngri kjósendur áður fyrr þar.

## 1. Kosningabátttaka, kynslóðabreytingar og ungt fólk

Aðalumfjöllunarefni þessarar greinar er að gera grein fyrir hvaða þættir ýta undir kosningabátttöku og er sjónum sérstaklega beint að kynslóðabreytingum, ungu fólki, áhuga á stjórnámum og flokkshollustu. Helstu þættir sem sýnt hefur verið fram á að skýri kosningabátttöku einstaklinga eru bakgrunnur þeirra (t.d. aldur og menntun), hvort að fólki búi yfir björgum sem ýtir undir þátttöku (t.d. félags- og efnahagsleg staða, menntun og hversu upplýst fólk er um stjórnám), félagsleg tengsl kjósenda (t.d. að félagslega einangraðir einstaklingar séu ólíklegri til að kjósa) og tengsl kjósenda við stjórnám og stjórnámálflokka (t.d. þátttaka í flokkum og flokkshollusta) (sjá t.d. Fieldhouse & Cutts 2016; Söderlund o.fl. 2011; Wass 2007). Það hefur einnig sýnt sig að stofnanþættir eins og kosningakerfið og framkvæmd kosninga tengjast kosningabátttöku. Kjörsókn er hærri í ríkjum þar sem er skylda að kjósa (Geys 2006) og kosningabátttaka er meiri eftir því sem embættið eða stofnunin sem kosið er til er valdameiri (Mattila 2003; Reif & Schmitt 1980). Því auðveldara sem fólki er gert að kjósa, til dæmis með fjölda kjörstaða, aðgengi að kjörstöðum og hvort hægt sé að kjósa utankjörstaða, því meiri er kosningabátttakan (sjá t.d. Blais o.fl. 2003; Gimpel & Schuknecht 1990). Samkeppni á milli flokka og pólun flokkakerfis sem endurspeglar að flokkar aðgreina sig skýrara frá hvor öðrum ýtir undir kosningabátttöku (Dalton 2008), og því mjórri sem er á mununum á milli fylgis flokka virðist ýta undir kosningabátttöku (Geys 2006).

Hægt er að flokka undirliggjandi hvata einstaklinga til að kjósa í þrjár gerðir (Fieldhouse & Cutts 2016). Fyrstir eru efnislegir hvatar sem endurspeglast í kostnaði og ávinningi af því að kjósa. Í öðru lagi eru táknrænir hvatar sem getur til dæmis verið ávinningur af því að styðja ákveðinn flokk í krafti þeirra hugmyndafræði sem flokkurinn stendur fyrir. Í þriðja lagi eru viðmiðunar hvatar sem endurspeglar samfélagslega venju að kjósa, til dæmis að það sé borgaraleg skylda kjósa. Þegar kemur að kosningabátttöku ungs fólks hefur félagsmótun verið lykilhugtak. Gengið er út frá því að í gegnum félagsmótun, þar sem helstu félagsmótunaraðilar eru fjölskyldan og jafningjahópurinn, komi ungir kjósendur sér ýmist upp vananum að kjósa eða að kjósa ekki (Ragný Þóra Guðjohnsen & Sigrún Aðalbjarnardóttir 2016; Franklin o.fl. 2004). Til dæmis sýna Fieldhouse og Cutts (2012) fram á að kjósendur eru almennt líklegri til að kjósa ef þeir búa með öðrum einstaklingum sem kjósa, og þessi áhrif eru sterkari hjá þeim sem eru að kjósa á fyrsta skipti (oftast ungir kjósendur) samanborið við aðrar kjósendur.

Sýnt hefur verið fram á að ein skýring lækkandi kosningabátttöku á Vesturlöndum sé sú að kynslóðabreyting hafi átt sér stað í þátttöku (sjá t.d. Blais 2004 o.fl.; Franklin 2004; Lyons & Alexander 2000; Phelps 2004; Blais & Rubenson 2013). Kynslóðabreyting er ólík tímabilsáhrifum og æviskeiðsáhrifum (sjá t.d. Wass 2007). Tímabilsáhrif eru þegar að kosningabátttaka breytist hjá öllum aldurshópum, til dæmis í kjölfar ákveðins atburðar eða tímabils í sögu ríkis, og hefur þar af leiðandi ekkert með aldur að gera. Æviskeiðsáhrif eru til dæmis að kosningabátttaka er almennt lægri meðal yngri kjósenda (áhrif aldurs), en þegar þeir eldast koma þeir inn sem virkari þátttakendur í kosningum. Kynslóðabreyting er þegar að ný kynslóð kemur inn sem tileinkar sér hegðun sem er frá-

brugðin hegðun fyrri kynslóða og sú hegðun heldur sér eftir að nýja kynslóðin er komin á fullorðinsaldur (áhrif kynslóðar).

Í rannsóknum á tengslum kosningaþátttöku og aldurs er ekki alltaf aðgreint á milli æviskeiðs-, tímabils- og kynslóðaáhrifa. Johnston (1992) setur fram einfalda aðferð, sem kalla má aldurs, tímabils og kynslóðagreiningu (e. age, period and cohort analysis) þar sem notuð er aðhvarfsgreining til að bera saman og aðgreina á milli þessara þriggja áhrifa. Blais o.fl. nota þessa aðferð við að sýna fram á kynslóðabreytingu á kosningaþátttöku í níu kosningum í Kanada, frá 1968 til 2000, þar sem yngstu kynslóðirnar eru ólíklegri til að kjósa heldur en þær eldri. Helstu þættir sem þau sýna fram á að geti mögulega útskýrt þessa breytingu eru þær að yngri kynslóðir upplifa það síður sem borgaralegu skyldu að kjósa og veita stjórnmálum minni athygli heldur en eldri kynslóðir. Jafnframt tengist menntun kosningaþátttöku, þar sem meira menntaðir kjósendur eru líklegri til þess að kjósa, hvort sem þeir tilheyra eldri eða yngri kynslóðum. Byggt á því að menntunarstig hefur aukist í Kanada (sem og víðast hvar á Vesturlöndum) færa Blais o.fl. rök fyrir því að hærra menntunarstig hafi mögulega haldið aftur af enn meiri lækkun í kosningaþátttöku í Kanada heldur en þegar hefur orðið. Wass (2007) sýnir fram á svipaða kynslóðabreytingu meðal finnskra kjósenda á tímabilinu 1975 til 2003 en greinir ekki mögulegar orsakir fyrir því að yngri kynslóðir séu ólíklegri til að kjósa. Wass nefnir þó að mögulegar skýringar á lækkandi þátttöku yngri kynslóða séu að félagsmótun og það að koma sér upp vananum að kjósa hafi breyst, að lækkun kosningaaldurs skýri minnkandi þátttöku og að áhrif bakgrunns kjósenda, áhuga hans og hversu upplýstur hann er um stjórnmál geti hafa breyst. Hér í þessari grein er beitt aldurs, tímabils og kynslóðagreiningu til þess að greina hvort að sambærileg kynslóðabreyting hafi átt sér stað í kosningaþátttöku ungs fólks á Íslandi. Jafnframt er gengið skrefinu lengra og greint hvað gæti mögulega skýrt þessa breytingu, og þættirnir sem horft er til eru hvort að seinkun hafi orðið á æviskeiðsáhrifum aldurs á kosningaþátttöku, og hvort að áhugi á stjórnmálum og tenging kjósenda við stjórnmálaflokka í formi flokkshollustu séu minni hvati fyrir ungt fólk í dag til að mæta á kjörstað samanborið við áður fyrir.

Skýringar sem hafa verið settar fram um af hverju yngri kynslóðir eru ólíklegri til þess að kjósa eru til dæmis að stjórnmál skipti yngra fólk minna máli (Quintelier 2007), líti síður á það sem borgaralegu skyldu sína að kjósa (Ragný Þóra Guðjohnsen & Sigrún Aðalbjarnardóttir 2017) og séu minna upplýst um stjórnmál (Fieldhouse & Cutts 2016), og leggi frekar áherslu á annars konar stjórnmálaþátttöku heldur en það að mæta á kjörstað (Kimberlee 2002; Phelps 2004). Þessar skýringar hafa þó einkum verið settar fram sem skýringar á því af hverju yngra fólk er ólíklegra til þátttöku og ekki alltaf ljóst hvort um sé að ræða skýringar á kynslóðabreytingum. Þó svo að ekki sé alltaf ljóst hvort verið sé að vísa til æviskeiðsáhrifa eða kynslóðabreytinga þegar fjallað er um hvað getur skýrt lækkandi kosningaþátttöku, einkum meðal ungs fólks, er engu að síður mikilvægt að skilja hvaða þættir geta ýtt undir það að ungt fólk kjósi. Gera þarf greinarmun á því hvort að þættir sem áður voru æviskeiðsáhrif, séu á síðari tímum mögulegir skýringaþættir á kynslóðabreytingum, eða hvort þeir haldi sér áfram sem æviskeiðsáhrif. Ein

skýring á lægri þátttöku yngri kjósenda getur verið sú að ungt fólk telji stjórnám vera sér fjarlæg og óviðkomandi og þar spilar inn í að ungt fólk er komið styttra á lífsleiðinni, á ekki húsnæði, er ekki á vinnumarkaði og er að miklu leyti ótengt pólitíska heiminum þar sem fullorðnir ráða ferðinni (Quintelier 2007). Bent hefur verið á að stjórnámamönnum virðist mistakast að takast á við málefni sem varða ungt fólk sérstaklega og að ungt fólk upplifi stjórnámamenn sem ótengda almenningi, óáreiðanlega og stjórna af eiginhagsmunum og valdafíkn, og ungu fólki finnist stjórnámamenn ekki hlusta á þau (Ragný Þóra Guðjohnsen & Sigrún Aðalbjarnardóttir 2017) og að þau geti ekki haft áhrif á stjórnám (Henn o.fl. 2002; Kimberlee 2002; Blais & Rubenson 2013).

Því hefur verið haldið á lofti að ungt fólk hafi minni áhuga á stjórnámum heldur en þeir sem eru eldri (sjá t.d. Quintelier 2007) en á móti hefur verið bent á að ungir kjósendur séu hallari undir þátttöku í stjórnámum á viðtakari forsendum en hefðbundinni innan stjórnámáflokka eða í kosningum (Kimberlee 2002; Phelps 2004). Ungt fólk hefur þannig verið í fararbroddi „nýrra stjórnámála“ sem leiðir af sér að þau að hverfa frá hefðbundnum stéttskiptum stjórnámum fortíðarinnar. Þessi nýju stjórnám eru tilgátukenndari og ófyrirséðari, og eru talin endurspegla lífsstíl, gildi, viðhorf og vandamál nýrrar kynslóðar (Kimberlee 2002; Ragný Þóra Guðjohnsen & Sigrún Aðalbjarnardóttir 2017). Ástæðurnar kunna að vera að ungu fólki finnist erfitt að aðlaga hefðbundna þátttöku í stjórnámum að lífsstíl sínum og vinnu, eða að það skapi ímyndarvanda fyrir þau (Quintelier 2007). Kimberlee (2002) bendir á að pólitískur áhugi ungs fólks hefur í auknum mæli þróast í kringum málefni eins og réttindi dýra, sjálfsmynd og umhverfismál. Einnig endurspeglar þessi þróun að vissu leyti herra menntunarstig, aukna pólitíska hæfni almennings ásamt auknu aðgengi að pólitískum upplýsingum, og að yngri kynslóðir eru gagnrýnni á stjórnámáflokka og kjörna fulltrúa og laðast því síður að hefðbundinni þátttöku (Dalton 2011). Lækkandi kjörsókn yngri kynslóða mætti þá rekja til þess að það velji sér annars konar þátttöku í stjórnámum heldur en eldri kynslóðir (Kimberlee 2002; Phelps 2004; Quintelier 2007; Blais & Rubenson 2013; Ragný Þóra Guðjohnsen & Sigrún Aðalbjarnardóttir 2017). Á móti hefur verið bent á að kjósendur, ungir sem aldnir, sem að taka annars konar þátt og hefur stundum verið nefnd óhefðbundin kosningabátttaka (t.d. þátttaka í mótmælum) eru einnig líklegri til þess að taka þátt í kosningum (sjá t.d. Martin & van Deth 2007). Með þeim hætti eru nýrri þátttökuform eða óhefðbundin þátttökuform viðbót við hefðbundna þátttöku eins og kosningar, en koma ekki í stað hennar.

Þegar kemur að samspili æviskeiðsáhrifa og kynslóðaáhrifa, hefur því verið haldið fram að ein af helstu ástæðunum fyrir lækkandi þátttöku nýrra kynslóða, kann að hafa breyst eftir því hvar einstaklingar í dag séu staddir í lífsferlinum á ákveðnum aldri miðað við áður fyrr. Að jafnaði hefur verið litið svo á að æviskeiðsáhrif geti komið fram í því að með aldrinum verði líklegra að fólk sé búið að stofna fjölskyldu, kaupa sér húsnæði og komið í fasta vinnu eftir að hafa lokið menntun, og hafi af þeim sökum fleiri ástæður til að fylgjast með og taka þátt í stjórnámum, þar sem hagsmunir þeirra í samfélaginu hafa aukist (Verba & Nie 1972). Með öðrum orðum þá aukast aukast hagsmunir einstaklinga í samfélaginu með aldrinum og fólk verður meira innlimað í samfélagið (Kimberlee 2002;

Quintelier 2007). Ef seinkun hefur orðið á því á hvaða tímamarki á æviskeiðinu kjósendur til dæmis ljúka menntun, stofna fjölskyldu og flytja úr foreldrahúsum, getur hafa orðið seinkun á þessum æviskeiðsáhrifum. Margt bendir til þess að nýjar kynslóðir séu komnar styttra á lífsleiðinni en fyrri kynslóðir á sama aldri og þetta geti hafi áhrif á kosningaþátttöku þeirra. Nú til dags býr ungt fólk á Vesturlöndum lengur í foreldrahúsum, er lengur í skóla og kemur af þeim sökum seinna út á vinnumarkaðinn en fyrri kynslóðir (Phelps 2004; Quintelier 2007). Þetta unga fólk virðist vera að fullorðnast hægar en fyrri kynslóðir (Arnett 2002), þar sem það er seinna að hella sér á fullu út í lífsbaráttuna ef svo má að orði komast, og hafa því ekki eins mikla hagsmuni af því að fylgjast með og taka þátt í stjórnmálum, eða að hvatinn til þess komi síðar á þeirra æviskeiði samanborið við ungt fólk áður fyrir (Quintelier 2007).

Félagsmótun hefur verið nefnd sem möguleg skýring á kynslóðabreytingum þegar kemur að því að koma sér upp vana að kjósa (e. habituation). Það að koma sér upp vana að kjósa þýðir einfaldlega að því oftast sem fólk kys því líklegra er að það telji kosningu eðlilega hegðun og festi það í vana sinn (Franklin 2004; Plutzer 2002; Verba & Nie 1972). Ef lítið er svo á að það að kjósa í fyrsta skipti eða með fyrstu skiptunum, sé hluti af félagsmótun ungra kjósenda, geta kosningar sem hvetja ekki til hárrar þátttöku hjá yngri kjósendum skilið eftir sig „fótspor“ lágrar kjörsóknar hjá þeirri kynslóð sem þessi kjósendur tilheyra; vegna þess að þeir koma því síður upp í vana að kjósa. Annar þáttur sem félagsmótun getur mögulega haft áhrif á eru hversu sterk tengsl kjósendur mynda við stjórnmálaflokka, og er hér einkum horft til flokkshollustu kjósenda. Sýnt hefur verið fram á að flokkshollusta kjósenda, ásamt því að vera skráður í stjórnmálaflokk, eru meðal lykilþátta í hvötum til að kjósa (sjá t.d. Dalton 2016). Hugtakið flokkshollusta er notað um þá kjósendur sem mynda sterk tengsl og hollustu við ákveðinn stjórnmálaflokk, oft á yngri árum og í gegnum félagsmótun, og flokkshollir kjósendur eru líklegir til að halda sig við þann flokk út ævina. Flokkshollir kjósendur eru líklegri til þess að mæta á kjörstað til þess að kjósa „sinn“ flokk. Eva H. Önnudóttir og Ólafur Þ. Harðarson (væntanlegt) hafa sýnt fram á að víða í Evrópu virðast yngri kynslóðir í kringum síðustu aldamót vera ólíklegri til þess að mynda flokkshollustu samanborið við kynslóðir fyrri ára, sem gæti mögulega verið ein útskýring á kynslóðabreytingum þegar kemur að kosningaþátttöku.

Líkt og þegar hefur komið fram er lítið til af rannsóknum á kosningaþátttöku í Alþingiskosningum á Íslandi, og þær fáu rannsóknir sem hafa verið birtar hafa einkum snúist um þátttöku ungs fólks (sjá t.d. Grétar Eyþórsson & Eva H. Önnudóttir 2017; Ragný Þóra Guðjohansen & Sigrún Aðalbjarnardóttir 2017). Engar birtar rannsóknir eru til um það hvort að sama kynslóðabreyting hafi átt sér stað hér á landi, líkt og í mörgum öðrum Vesturlöndum, og þar af leiðir að fyrsta tilgátan sem hér er sett fram og prófuð er um hvort að greina megi slíka kynslóðabreytingu á Íslandi:

Tilgáta 1: Yngsta kynslóð kjósenda í dag er ólíklegri til þess að kjósa samanborið við yngstu kynslóðir fyrri tíma.

Ef kynslóðabreyting hefur átt sér stað, þar sem yngsta kynslóðin er ólíklegri til þess að koma sér upp þeim vana að kjósa, þá ætti það einnig að sýna sig í áhrifum aldurs sem æviskeiðsáhrifa á kosningaþátttöku. Að því gefnu að tilgáta 1 sé studd, ætti að draga í sundur með kosningaþátttöku þeirra sem yngri eru og þeirra sem eru eldri, yfir tíma. Þó getur verið, líkt fram hefur komið, að það hafi orðið breyting á þátttöku yngri kjósenda vegna seinkunnar á æviskeiðsáhrifum. Ef svo er, ætti tilgáta 1 ekki að vera studd. Ef skýringin á lægri kosningaþátttöku yngra fólks í dag er sú að þau eru lengur í foreldrahúsum heldur en áður fyrr, koma seinna út á vinnumarkaðinn og eru þar af leiðandi seinni til að hefja þátttöku í stjórnámálum með því að kjósa, þá eru það fyrst og fremst áhrif aldurs á kosningaþátttöku sem hefur breyst, án kynslóðaáhrifa. Tilgáta 2 er því um áhrif aldurs, og hljómar svo:

Tilgáta 2: Áhrif aldurs á kosningaþátttöku hefur breyst yfir tíma. Kosningaþátttaka í eldri aldurshópum hefur haldist nokkuð stöðug á meðan yngri kjósendur kjósa í enn minna mæli en áður fyrr.

Tilgátum 1 og 2 er stillt upp að hluta til sem hliðstæðum tilgátum. Ef báðar tilgátur eru studdar, þá bendir það til þess að kynslóðabreyting hafi átt sér stað, og þá mögulega vegna seinkunnar á æviskeiðsáhrifum. Ef tilgátu 1 er hafnað og tilgáta 2 er studd, getur það bent til þess að þegar kemur að lækkandi kosningaþátttöku ungs fólks, sé eingöngu um breytt æviskeiðsáhrif að ræða, en ekki kynslóðabreytingu.

Seinni tvær tilgáturnar snúa að því hvað gæti mögulega útskýrt lægri kosningaþátttöku hjá yngri aldurshópum og mögulegar breytingar yfir tíma. Í fyrra lagi þá greinum við hvort að það eigi við rök að stýðjast að yngra fólk kjósi síður vegna það hafi ekki sama hvata til að kjósa sökum dræmri áhuga á stjórnámálum. Í seinna lagi er greint hvort að hvati þeirra sökum flokkshollustu sé síður að koma þeim á kjörstað samanborið við áður fyrr. Þessar tilgátur fela ekki í sér að áhugi ungs fólks á stjórnámálum hafi minnkað eða sé minni heldur en þeirra sem eru eldri, né að ungir kjósendur séu minna flokkshollir. Heldur fela þær í sér hvort að þessir tveir þættir, áhugi á stjórnámálum og flokkshollusta, hafi minna vægi í að koma ungu fólki á kjörstað samanborið við yngri kjósendur áður fyrr. Tilgáturnar eru:

Tilgáta 3: Áhugi á stjórnámálum er ólíklegri til þess að vera hvati fyrir ungt fólk að kjósa í dag samanborið við áður fyrr.

Tilgáta 4: Flokkshollusta er ólíklegri til þess að vera hvati fyrir ungt fólk að kjósa í dag samanborið við áður fyrr.


## 2. Rannsóknagögn, kosningaþátttaka og kjörsókn

Notuð eruð gögn úr Íslensku kosningarannsókninni (e.d.) til þess að greina hvort að breytingar hafi orðið á kosningaþátttöku ungs fólks á Íslandi í Alþingiskosningum og hvað getur mögulega útskýrt þær breytingar. Íslenska kosningarannsóknin er viðamikil

könnun sem hefur verið lögð fyrir úrtak íslenskra kjósenda eftir hverjar Alþingiskosningar frá árinu 1983 fram til 2017 og spannar nú 11 kosningar og er ein af lykilspurningunum í henni hvort að svarendur hafi tekið þátt í undangengnum Alþingiskosningum með því að kjósa.

Á Mynd 1 er borið saman hlutfall þeirra svarenda í Íslensku kosningarannsókninni sem segjast hafa kosið við tölur frá Hagstofu Íslands (2017) um kjörsókn í Alþingiskosningum frá 1983. Eins og sjá má segjast hlutfallslega fleiri svarendur í Íslensku kosningarannsókninni hafa kosið heldur en raunkjörsókn er í hverjum kosningum, og er þetta misræmi vel þekkt í kosningarannsóknnum á Vesturlöndum (sjá t.d. Selb & Munzert 2013). Jafnframt má sjá að á meðan að raunkjörsókn hefur farið heldur minnkandi yfir tímabilið sem rannsóknin nær yfir eða úr í kringum 90% í upphafi tímabilsins niður í um það bil 80% við lok þess, hefur hlutfall þeirra sem segjast hafa kosið í Íslensku kosningarannsókninni haldist nokkurn vegin stöðugt á bilinu 91,5% til 96,0%. Á sama tímabili hefur svarhlutfall í Íslensku kosningarannsókninni almennt farið lækkt, eða úr 79,1% árið 1983 þegar það var hæst í lægst 50,7% árið 2016, en ári síðar árið 2017 var það 52,8%. Sjá má yfirlit yfir úrtaksstærð og svarhlutfall í Töflu V1 í Viðauka 1 ásamt upplýsingum um fjölda svarenda sem eru hluti af þeim líkönum sem sett eru fram í þessari grein. Eins og sjá má á Mynd 1 virðist minnkandi svarhlutfall ekki tengjast því hversu margir segjast hafa kosið þar sem það hlutfall helst nokkurn vegin stöðugt yfir árin. Það gefur sterka vísbendingu um að þær breytingar sem sýnt er fram á í þessari grein sem hafa orðið á kosningaþátttöku eru ekki tilkomnar vegna minnkandi svarhlutfalls (vegna þess að hlutfall þeirra sem segjast hafa kosið helst stöðugt þrátt fyrir minnkandi svarhlutfall), heldur vegna annarra þátta.

Sýnt hefur verið fram á að ástæður fyrir misræmi á milli þeirra sem segjast hafa kosið í könnunum og raunkjörsókn eru í meginatriðum af tvennum toga. Í fyrsta lagi eru þeir sem kjósa líklegri til þess að taka þátt í könnunum samanborið við þá sem kjósa ekki (Selb & Munzert 2013). Í öðru lagi að svarendur sem ekki kusu, segjast samt hafa gert það, annað hvort vegna þess að þeim misminnir eða vilja ekki gefa það upp að hafa ekki kosið, til dæmis vegna þess að þeir vilja láta sjálfa sig líta vel út í augum rannsakenda (DeBell o.fl. 2018; Jackman & Spahn 2014). Sú tilhneiging að vilja láta sig líta vel út í augum rannsakenda (e. social desirability) er vel þekkt hættu á bjögum í könnunum, en sýnt hefur verið fram á að þessi tilhneiging virðist vera ótengd öðrum persónuleikaeinkennum og bakgrunnspáttum (t.d. sjálfstæði og aldri) (Brady o.fl. 1995) og ætti þess vegna ekki að hafa teljandi áhrif á meginniðurstöður þegar kemur að því að greina af hverju fólk kys.



**Mynd 1.** Kjörþátttaka samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands og kosningabátttaka samkvæmt Íslensku kosningarannsókninni 1983-2019

Ofmat á kosningabátttöku í könnunum getur gert það að verkum að erfiðara er að nota gögnin til að leggja mat á af hverju fólk kýs ekki vegna fárra svara (að því gefnu að það að taka ekki þátt sé vanmetið í gögnunum) samanborið við þá sem kjósa. Af þessu má þó leiða að þau tengsl sem greind eru í gögnunum þegar kemur að því hvaða þættir hafa áhrif á eða tengjast kosningabátttöku, eru frekar vanmetin heldur en ofmetin. Þetta þýðir að gögnin eru í raun að standast erfiðara próf (sérstaklega óvigtuð gögn), þegar kemur að því að sýna fram á tengsl þátta, samanborið gögn þar sem þátttakan endurspeglar kjörþátttöku á pari. Vegna þessa ofmats á kosningabátttöku (og vanmats á því að taka ekki þátt) eru, í greiningunum hér á eftir, gögnin vigtuð miðað við raunkjörsókn. Vigtun gagnanna gerir það að verkum að vægi þeirra svarenda sem ekki kusu er aukið á kostnað vægi þeirra sem það gerðu til samræmis við raunverulegt hlutfall kjörþátttöku í þýði kjósenda. Vigtun gagnanna með þessum hætti getur gert það að verkum að munur á milli þeirra svarenda sem kusu og þeirra sem gerðu það ekki getur orðið heldur meiri en hann er í óvigtuðum gögnum. Það getur haft þau áhrif á marktektarpróf að munur sem er ekki tölfræðilega marktækur í óvigtuðum gögnum verður það vigtuðum gögnum, og stuðlar sem leggja mat á breytileika verði hærri. Áréttað er að tilgangur þess að vigta gögnin í þeim líkönnum sem sett eru fram í þessari grein er að leiðrétta fyrir ofmat á kosningabátttöku í gögnunum og af þeim sökum ættu líkönin að vera nær því að endurspeglar þau sambönd sem sýnt er fram á eins og þau eru almennt meðal kjósenda. Það þýðir að í öllum greiningum sem gerðar eru í þessari grein vega svör þeirra sem kusu minna á móti svörum þeirra sem kusu ekki, til samræmis við raunverulegt hlutfall kjörþátttöku í þýði


kjósenda. Sömu greiningar voru endurteknar á óvigtuðum gögnum og niðurstöður voru í meginatriðum eins, en minni breytileiki (sjá Viðauka 2).

### 3. Kynslóðabil í kosningaþátttöku

Eins og þegar hefur komið fram hefur kosningaþátttaka ungs fólks á Íslandi almennt verið lægri heldur en eldra fólks. Þegar hefur verið fjallað um kynslóðabreytingar í kosningaþátttöku á Vesturlöndum og sýnt fram á að víða hafa þær átt sér stað í kosningaþátttöku þar sem yngsta kynslóð kjósenda á seinni árum er ólíklegri til að kjósa samanborið við yngstu kynslóðir fyrri tíma. Fyrsta tilgátan sem höfundar setja fram er að greina megí slíkt kynslóðabil meðal kjósenda á Íslandi og notuð eru gögn Íslensku kosningarannsóknarinnar til að prófa þá tilgátu.

Til að greina kynslóðabil eru svarendur fyrst flokkaðir í fimm kynslóðir byggt á fæðingarári þeirra. Við flokkun á kynslóðum var annars vegar tekið mið af því að nægilegur fjöldi svarenda væru innan hvorrar kynslóðar til þess að undirbyggja að hægt verið bera saman áhrif æviskeiðs (aldurs), tíma (kosningaár) og kynslóða í greiningunni hér á eftir. Einnig var gerð tilraun til þess að flokka kynslóðir eftir mögulegum tíðaranda á þeim tíma sem hver kynslóð er að alast upp. Kynslóðirnar fimm eru þeir sem eru fæddir á árunum 1900 til 1945 (sjálfstæðisbaráttu-/sjálfstæðiskynslóð), 1946 til 1959 (kynslóð eftirstríðsáranna), 1960-1972 (kynslóð þéttbýlismyndunnar), 1973-1983 (kynslóð velmegunnar) og 1984-1999 (yngsta kynslóð kjósenda samtímans).

Mynd 2 sýnir samanburð á kosningaþátttöku þessarra kynslóða samkvæmt Íslensku kosningarannsókninni eftir að búið er að vigta gögnin miðað við raunkjörsókn. Sjá má, að undanteknum kosningunum 2003, að hlutfall þeirra sem kjósa meðal yngstu kynslóðarinnar er mun lægra heldur en bæði eldri kynslóða og yngstu kynslóða fyrri ára. Hátt hlutfall kosningaþátttöku (86,4%) þeirra sem eru fæddir 1984 til 1999 árið 2003 gæti skýrst af lágum fjölda svarenda sem tilheyra þessari kynslóð sem höfðu kosningarétt árið 2003 (n=44). Þeir fáu svarendur sem tilheyrðu yngstu kynslóðinni árið 2003, sem höfðu hlotið kosningarétt, voru á aldrinum 18 og 19 ára. Það hefur verið sýnt fram á að þeir sem hljóta kosningarétt á kosningaári, eða nálægt því, og eru líklegri til þess að búa enn í foreldrahúsum eru jafnframt líklegri til þess að kjósa samanborið við aðra kjósendur sem hafa tækifæri til að nýta kosningarátt sinn í fyrsta eða annað sinn (sjá t.d. Bhatti o.fl. 2012), sem gæti mögulega útskýrt hátt hlutfall yngstu kynslóðarinnar sem kys árið 2003 og að sama skapi hátt hlutfall kosningaþátttöku yngstu kynslóðarinnar sem kys árið 1991 (85,7%).



**Mynd 2.** Kosningabátttaka eftir kynslóðum 1983-2017

Gögn úr Íslensku kosningarannsókninni. Gögnin er vígtuð miðað við raunkjörsókn.

Ef borin er saman kosningabátttaka þeirra sem tilheyra yngstu kynslóðinni, sem koma inn sem nýjir kjósendur árið 2003 (f. 1984-1999), við þáttöku þeirra sem koma fyrst inn sem nýjir kjósendur árið 1991 (f. 1973-1983), má sjá mun á þróun á þáttöku þeirra. Þátttaka þeirra sem tilheyra kynslóðinni sem er fyrst kominn með kosningarétt árið 1991, hækkar með tímanum, og er árið 2009, fimm kosningum eftir að fyrstu kjósendur þessarar kynslóðar hlutu kosningarétt, orðin nokkuð nálægt þáttöku eldri kynslóða í þeim kosningum. Þróun þáttöku yngstu kynslóðar samtímans er, að minnsta kosti enn sem komið er, ekki með sama hætti. Þátttaka þessarar kynslóðar, sem kys fyrst árið 2003, er fimm kosningum síðar eða árið 2013, mun lægri heldur en þátttaka eldri kynslóða og ekki er hægt að greina á þessum gögnum að þátttaka yngstu kynslóðarinnar hækki með tímanum líkt og kynslóðin á undan þeim (f. 1973-1983).

Ef tekin eru til greina æviskeiðsáhrif, þar sem yngri kjósendur eru ólíklegri til þess að kjósa samanborið við þá sem eru eldri, er mögulegt að yngsta kynslóð samtímans hafi ekki enn náð þeim aldri þegar þátttaka þeirra er orðin til samræmis við eldri kynslóðir. Til þess að greina á milli æviskeiðsáhrifa og kynslóðabreytinga er hægt að beita greiningaaðferð, með aðhvarfsgreiningu, sem greinir á milli þessara tveggja áhrif ásamt tímaáhrifum, eða aldurs-, tíma- og kynslóðagreiningu. Greiningin gengur út á að aðgreina á milli, í sama módeli, megináhrif aldurs, tíma og kynslóða á fylgibreytu (Johnston 1992), sem er hér hvort að svarið hafi kosið í Alþingiskosningum. Til þess að aðgreina á milli aldurs og kynslóða, er svarendum skipt upp í kynslóðir byggt á upplýsingum um fæðingarár líkt og gert var hér að ofan. Þar sem kynslóðarbreytan er flokkabreyta sem tekur fimm gildi er ein kynslóðin valin sem viðmiðunarkynslóð, sem er hér yngsta kyn-

slóð samtímans eða þeir sem eru fæddir á árunum 1984 til 1999, og þátttaka þeirra borin saman við eldri kynslóðir. Vegna þess að í sama módeli er bæði leiðrétt fyrir aldurshrifum og tíma sem er kosningaár, er þetta ein leið til að greina hvort kosningaþátttaka yngstu kynslóðarinnar sé öðruvísi en þeirra eldri, eftir að búið að er að taka tillit til aldursáhrifa og þess hvort að kosningaþátttaka allra hafi almennt lækkað sem endurspeglast í tíma. Í slíkri greiningu er vel mögulegt að allir þrír þættir tengist kosningaþátttöku, sem bendir þá til þess allir þrír þættir skýra kosningaþátttöku; að það er munur á kosningaþátttöku eftir aldri, að kosningaþátttaka hafi breyst yfir tíma og að kynslóðabreyting hafi átti sér stað hvað varðar kosningaþátttöku.

Í töflu 1 eru niðurstöður úr greiningu á aldurs-, tíma- og kynslóðááhrifum á kosningaþátttöku í Alþingiskosningum. Sett eru fram Z-gildi, sem eru stöðluð gildi (B/staðalvilla, líka kalla „y-standardisation“ á ensku) sem gerir það kleift að hægt er að bera saman styrk áhrifa hverrar frumbreytu á fylgibreytu sem er hér hvort að viðkomandi hafi kosið. Til viðbótar, þá er stýrt fyrir sveigilínuáhrifum aldurs með því að bæta inn í greininguna aldri í öðru veldi. Sveigilínuáhrifin lýsa sér þannig að líkurnar á að kjósa hækka með aldrinum en svo á ákveðnum tímamarki getur þróunin snúist við, þar sem það er ólíklegra að einstaklingur kjósi þegar hann er kominn yfir ákveðinn aldur, til dæmis vegna heilsufars (sjá t.d. Bhatti o.fl. 2012). Með því að nota þessa aðferð, aldur-, tíma- og kynslóðagreiningu, er það gert kleift að aðgreina á milli æviskeiðsáhrifa, sem eru aldur, og kynslóðabreytinga sem höfundar leggja áherslu á í greiningunni sem er hér sett fram og í túlkun hennar, ásamt tímabilsáhrifum. Áréttað er að jafnvel þó svo að greiningin gefi til kynna hver eru áhrif aldurs, bæði sem megináhrifa og sem sveigilínuáhrifa, er ekki aðaláhersla á þau áhrif í túlkun hér.

**Tafla 1.** Tengsl kosningaárs, aldurs og kynslóðar svarenda á kosningaþátttöku

	Z-gildi
Kosningaár (1983-2017)	-1,73+
Aldur	7,11***
Aldur í öðru veldi	-7,77***
Kynslóð. viðmiðunarahópur: 1984-1999	
1900-1946	1,91+
1947-1959	2,59*
1960-1972	3,07**
1973-1983	1,87+
Fasti	-2,93**
N	15561
Nagelkerke R2	,05

Notuð er aðhvarfsgreining hlutfalla. Fylgibreyta er hvort að svarandi kaus (1) eða kaus ekki (0).

Marktektarmörk: +p<0.1; \*p<0.05; \*\*p<0.01 \*\*\*p<0.001. Gögnin eru vigtuð miðað við kjörsókn. Forrit: Stata 15.


Niðurstöður aldurs-, tíma- og kynslóðáhrifa á kosningabátttöku sýna að yngsta kynslóð samtímans er ólíklegri til þess að kjósa heldur en eldri kynslóðir, eftir að búið er að stýra fyrir bæði aldursáhrifum og tímaáhrifum. Niðurstöðurnar benda til þess að kynslóðabreyting hafi átt sér stað, þar sem yngsta kynslóð samtímans er ólíklegri til að kjósa, og mögulega ólíklegri til þess að gera svo út sína ævi. Tilgata 1, um að orðið hafa kynslóðabreytingar í kosningabátttöku kjósenda á Íslandi er því studd. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að eldri kjósendur hafa yfir tíðina verið líklegri til að kjósa ( $Z=7,11$ ,  $p<,001$ ), að það dragi úr áhrifum aldurs eftir því sem kjósendur eldast ( $Z=-7,77$ ,  $p<,001$ ) og að almennt virðist draga úr kosningabátttöku yfir tíma ( $B=-,04$ ,  $p<,001$ ).

Nagelkerke R2 er lágt ( $,05$ ), sem bendir til þess að frumbreyturnar í líkaninu skýra lítið í breytileika fylgibreyttunnar. Við þessu var búið þar sem einungis er verið að greina áhrif aldurs-, tíma- og kynslóða á kosningabátttöku (sjá t.d. Blais 2004 et al.). Það væri hægt að bæta inn í greininguna breytum líkt og flokkshollustu, menntun og áhuga á stjórnámum sem hafa áhrif á kosningabátttöku. Það er ekki í samræmi við þá tilgátu sem verið er að prófa hér þar sem markmiðið er að ganga úr skugga um megináhrif kynslóðabils að teknu tillit til áhrifa aldurs og tíma (kosningaar). Viðbótarbreytur gefa til kynna af hverju yngsta kynslóðin virðist vera ólíklegri til að kjósa og hvers vegna þessi kynslóðáhrif eru til kominn, en ekki til að skera úr um að þessi kynslóðáhrif séu fyrir hendi. Niðurstöður úr aldurs-, tíma- og kynslóðagreiningu styðja við tilgátuna um að kynslóðaskipti hafi átt sér stað í kosningabátttöku í Alþingiskosningum. Kynslóðabil og nýjar kynslóðir kjósenda eru ekki að nýta kosningarrétt sinn í sama mæli og fyrri kynslóðir. Kjörsókn milli kynslóða er mismunandi þegar við berum yngstu kynslóðina saman við eldri kynslóðir þegar þær voru á sama aldri. Hér á landi virðist því, líkt og víða annars staðar á Vesturlöndum (sjá t.d. Blais 2004; Fieldhose & Cutts 2012; Phelps 2004; Wass 2007) hafa orðið kynslóðabreyting á kosningabátttöku. Þessi túlkun á niðurstöðum vekur upp aðra spurningu: Hvers vegna eru nýjar kynslóðir að kjósa í minna mæli en forverar þeirra?

#### 4. Kosningabátttaka, aldur, áhugi á stjórnámum og flokkshollusta


Í þessum hluta eru teknir til athugunnar þrír þættir sem gætu skýrt kynslóðabreytingar í kosningabátttöku og áfram eru notuð gögn úr Íslensku kosningarannsókninni en að þessu sinni eingöngu frá 1987 til 2017, þar sem ekki var spurt um alla þá þætti árið 1983 sem teknir eru inn í greininguna. Í fyrsta lagi er það tilgáta 2 að mögulega hafi orðið seinkun á þátttöku þar sem yngri kjósendur koma síðar inn á sínu æviskeiði sem kjósendur. Í öðru og þriðja lagi eru það tilgátur 3 og 4 um að áhugi á stjórnámum og flokkshollusta kjósenda eru veikari hvatar fyrir ungt fólk að kjósa í dag samanborið við ungt fólk áður fyrr. Á myndum 3 og 4 má sjá þróun áhuga á stjórnámum (Mynd 3) og flokkshollustu (Mynd 4) meðal kynslóða kjósenda yfir tíma á Íslandi. Eins og sjá má, virðist ekki hafa orðið breyting á áhuga íslenskra kjósenda á stjórnámum, hvorki yfir tíma né að yngri kynslóðir í dags séu áhugalausari um stjórnám samanborið við yngri kynslóðir fyrri tíma (Mynd 3). Þegar hlutfall flokkshollra er skoðað á Mynd 4 má sjá að yngri kynslóðir hvers tíma eru minna flokkhollar heldur en eldri kynslóðir, en óljóst

hvort að kynslóðabreyting hafi átt sér stað þegar kemur að því hversu margir innan hversrar kynslóðar eru flokkshollir.



**Mynd 3.** Áhugi kynslóða á stjórnmálum frá 1983 til 2017<sup>2</sup>

Myndin sýnir meðaltöl áhuga hversrar kynslóðar yfir tíma. Spurt var: „Telur þú þig hafa mjög mikinn áhuga á stjórnmálum, mikinn áhuga, nokkurn áhuga, lítinn áhuga, eða hefur þú engan áhuga á stjórnmálum?“ Svarkvarðinn var frá 1 (mjög mikinn áhuga) til 5 (engan áhuga).



**Mynd 4.** Flokkshollusta kynslóða frá 1983 til 2017

Myndin sýnir hlutfall flokkshollustu meðal hversrar kynslóðar yfir tíma. Að undanteknu árinu 2007 var spurt: „Lítur þú almennt á þig sem stuðningsmann einhvers flokks eða samtaka?“ Fyrir árið 2007 var notuð spurningin: „Lítur þú venjulega svo á, að þú standir nærri einhverjum sérstökum stjórnmálaflokki?“ (þeir sem svara já eru flokkshollir).

Til þess að prófa tilgáturnar um hvort að áhugi og flokkshollusta hafi minna vægi meðal yngri kjósenda í dag heldur en áður fyrr, ásamt því að greina hvort að áhrif aldurs á þátttöku hafi breyst eru keyrðar sex aðhvarfsgreiningar, hlutfalla og samvirkni breytur notaðar til að prófa tilgáturnar um breytt áhrif aldurs, áhuga og flokkshollustu. Til að prófa Tilgátu 1 um breytt áhrif aldurs á kosningabátttöku yfir tíma er skoðuð tvíbreytu samvirkni á milli áhrifa aldurs og tíma (kosningaár) á kosningabátttöku. Tvíbreytu samvirkni gerir kleift að greina hvort að áhrif einnar frumbreytu á fylgibreytu sé háð gildum annarrar frumbreytu. Með öðrum orðum þá er hér greint hvort að áhrif aldurs á kosningabátttöku hafi minnkað með árunum og ef svo er þá getur það bent til þess að seinkun hafi orðið á æviskeiðsáhrifum á kosningabátttöku kjósenda á Íslandi.

Tilgátur 3 og 4 eru að áhugi á stjórnámum (Tilgáta 3) og flokkshollusta (Tilgáta 4) séu hvoru tveggja ólíklegri til þess að vera hvati fyrir ungt fólk að kjósa í dag samanborið við áður fyrr. Til þess að prófa þessar tilgátur er hér notuð þrúbreytu samvirkni sem byggir ofan á tvíbreytu samvirkni. Með þrúbreytu samvirkni er greint hvort að samvirkni á milli tveggja breyta (tvíbreytu samvirkni) sé háð þriðju breytunni. Slík þrúbreytu samvirkni getur lýst sér til dæmis með þeim hætti að það að samvirk tengsl séu til staðar á milli tveggja breytna sé háð því hvaða gildi þriðja breyta tekur. Þrúbreytu samvirkni getur einnig verið með þeim hætti að samvirk tengsl á milli tveggja breytna séu veikari (eða sterkari) eftir því hvað gildi þriðja breyta tekur. Í tilviki Tilgátu 3, um Óáhuga á stjórnámum, þá er greint hvort að áhrif áhuga á kosningabátttöku hafi veikt yfir tíma, meðal ungs fólks. Hér er því um þrúbreytu samvirkni að ræða á milli aldurs, áhuga á stjórnámum og kosningaárs. Einnig er notuð þrúbreytu samvirkni til að greina hvort að áhrif flokkshollustu, sem að Tilgáta 4 er um, á kosningabátttöku hafi með árunum veikt meðal ungs fólks. Í greiningum er stýrt fyrir öðrum þáttum sem tengjast kosningabátttöku sem eru hér traust til stjórnámamanna, menntun, hvort að svarandi sé karl eða kona, búseta (býr á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess), tekjur svarenda<sup>3</sup> og tími (kosningaár) (Dalton 2008; Grönlund & Setälä 2007; Nie o.fl. 1996).

Í Töflu 2 eru niðurstöður úr sex aðhvarfsgreiningum hlutfalla þar sem sett eru fram Z-gildi.

**Tafla 2.** Kosningaþátttaka, aldur, áhugi á stjórnmálum og flokkshollusta yfir tíma (1987 til 2017)

	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3		Líkan 4	
	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3	Líkan 4	Líkan 5	Líkan 6
	Z-gildi	Z-gildi	Z-gildi	Z-gildi	Z-gildi	Z-gildi
Kosningaár (1983-2017)	-6,38***	-4,82***	-6,44***	-1,33	-6,27***	-3,89***
Aldur (miðjaður)	5,52***	1,13	,87	,31	3,98***	,51
Aldur í öðru veldi (miðjaður)	-5,13***	-3,75***	-5,11***	-5,26***	-5,15***	-5,25***
Áhugi á stjórnmálum (5.punkta kvarði, 1=enginn áhugi, 5=mjög mikill áhugi)	10,90***	10,84***	10,91***	5,74***	10,92***	11,01***
Flokkshollusta (1=já, 0=nei)	5,66***	5,81***	5,62***	5,68***	5,84***	5,65***
Traust til stjórnmálamanna (5 punkta kvarði, 1=engum treystandi, 5=flestum treystandi)	5,84***	5,85***	5,81***	5,85***	5,82***	5,96***
<i>Menntun, viðmiðunarhópur:</i>						
<i>Grunnskólamentun</i>						
Framhaldsskólamentun	,83	,82	,87	,87	,82	,75
Iðnmenntun	,37	,28	,30	,19	,35	,23
Háskólamentun	1,01	1,08	1,00	,99	,96	,87
Í hjónabandi/sambúð (1=já, 0=nei)	6,77***	6,75***	6,75***	6,80***	6,77***	6,77***
Karl (1=já, 0=nei)	-3,36**	-3,32**	-3,31**	-3,27**	-3,34**	-3,29**
Býr á höfuðborgarsvæðinu (1=já, 0=nei)	-,41	-,38	-,45	-,42	-,40	-,29
Heimilistekjur frá lægstu (0) til hæstu (1)	-3,00**	-3,19**	-3,05**	-3,18**	-3,02**	-3,29**
Aldur*kosningaár		1,69+		,17		1,47
Aldur í öðru veldi*kosningaár		1,27				
Aldur*áhugi á stjórnmálum			1,37	-,02		
Kosningaár*áhugi á stjórnmálum				-,82		
Áhugi á stjórnmálum*kosningaár*aldur				,57		
Aldur*flokkshollusta					2,10*	-,60
Flokkshollusta*kosningaár						-3,09**
Flokkshollusta*kosningaár*aldur						1,79+
Fasti	-1,31	,66	-1,38	-1,59	-1,35	-2,15*
N	10009	10009	10009	10009	10009	10009
Nagelkerke R <sup>2</sup>	,17	,17	,17	,17	,17	,17


Notuð er aðhvarfsgreining hlutfalla. Fylgibreyta er hvort að svarandi kaus (1) eða kaus ekki (0). Marktektarmörk: +p<0.1; \*p<0.05; \*\*p<0.01 \*\*\*p<0.001. Gögnin eru vigtuð miðað við kjörsofn.

Forrit: Stata 15.

Í líkani 1 eru allar frumbreyttur, sem megináhrif allra frumbreytna og sveigluáhrif fyrir aldur. Í greiningunum er breytan fyrir aldur umreiknuð með þeim hætti að hún er miðjuð í kringum meðaltal. Það er gert með því að draga aldur svarenda frá meðaltali aldurs, sem er 43,4 meðal þeirra svarenda sem eru hluti af greiningunum í Töflu 2. Með því að miðja aldursbreytuna tekur meðaltal aldurs gildið núll. Ástæða þess að miðja aldursbreytuna er sú að þeim líkönum sem sett eru fram í Töflu 2, eru áhrif kosningaárs, eða breytingar yfir tíma, á áhrifum aldurs á kosningaþátttöku metin þegar aldur er núll. Það að miðja aldursbreytuna breytir engu efnislega um niðurstöður, en það gefur núll gildi aldurs

raunhæfa merkingu vegna þess að núllið endurspeglar meðalaldur svarenda í gögnunum. Í líkani 2 er samvirknibreytum á milli aldurs og kosningaárs bætt við, bæði með aldri sem megináhrifum og sem sveiglínuáhrifum, sem prófun á tilgátu 2. Niðurstöður sýna að megináhrif aldurs á kosningabátttöku hafa breyst yfir tíma, þar sem samvirknibreytan á milli aldurs og kosningaárs er marktæk ( $Z=1,69$ ,  $p<,1$ ). Það að samvirknibreytan á milli sveiglínuáhrifa aldurs (aldur í öðru veldi kosningaárs) sé ekki tölfræðilega marktæk ( $Z=1,27$ ,  $p>,1$ ), en að sveiglínuáhrif aldurs séu marktæk ( $Z=-3,75$ ,  $p<,001$ ) bendir til þess að áhrif aldurs á kosningabátttöku séu ólík eftir aldri, en að þessi sveiglínuáhrif hafi ekki breyst yfir tíma (vegna þess að samvirknibreytan með aldri í öðru veldi er ekki tölfræðilega marktæk).

Mynd 5 sýnir áhrif aldurs, þar sem bornir eru saman þeir sem eru á meðalaldri (43 ára og er með gildið núll á miðjaðri aldursbreytu) samkvæmt gögnunum við þá sem eru 1,5 staðalfrávikum fyrir neðan (19 ára) og fyrir ofan (68 ára) meðaldur, á kosningabátttöku eftir árum og að kosningabátttaka hefur minnkað mest hjá yngstu kjósendunum. Myndin sýnir ólíkar forspálíkur aldurshópa eftir kosningaárum þar sem öllum öðrum frumbreytum er haldið föstum í meðaltali þeirra.




**Mynd 5.** Forspálíkur aldurs á kosningabátttöku eftir kosningaári

Gagnlegt er að bera saman mun á breytingum á forspálíkum til að átta sig á hvernig áhrif aldurs hefur breyst, en þó ber að taka tölugildum forspálíkna með þeim fyrirvara að líkanið sýnir ekki endilega fulla mynd af því hvað hefur áhrif á kosningabátttöku. Breytingin á líkum þess að kjósa meðal þeirra sem eru 68 ára á milli árunna 1987 og 2017

eru fimm prósentustig (úr 92% árið 1987 í 87% árið 2017) en sama breyting á meðal þeirra sem eru 19 ára eru 17 prósentustig (úr 89% árið 1987 í 72% árið 2017). Breytingin hjá 43 ára kjósenda er 11 prósentustig, frá 91% árið 1987 niður í 80% árið 2017. Þessar niðurstöður styðja við að það hafi orðið kynslóðabreyting í kosningaþátttöku og gæti verið að þessi nýja kynslóð skilji eftir sig „fótspor“ lágrar kosningaþátttöku, líkt og áður hefur verið fjallað um. Niðurstöðurnar geta einnig mögulega bent til þess að það hafi orðið seinkun á æviskeiðsáhrifum þar sem yngri kjósendur koma seinna inn sem þátttakendur í kosningum heldur en áður. Þá væri um kynslóðabreytingu að ræða að því leyti að ungir kjósenda koma síðar inn sem nýjir kjósendur.

Í líkani 4 í Töflu 2 er prófuð tilgátan um að áhugi á stjórnmálum hafi minna forspá-gildi fyrir kosningaþátttöku ungs fólks í dag heldur en áður (Tilgáta 3) og í líkani 6 er prófuð sama tilgáta með flokkshollustu (Tilgáta 4) í stað áhuga á stjórnmálum. Tilgátur 3 og 4 eru prófaðar með þrúbreytu samvirkni. Rétt þótti í báðum tilfellum að sýna í sér líkönun tvíbreytu samvirkni viðkomandi þátta með aldri til þess að greina fyrst hvort að áhrif áhuga á stjórnmálum og flokkshollustu séu almennt ólík eftir aldri. Svo er í tilfelli flokkshollustu (líkan 5) en ekki í tilfelli áhuga á stjórnmálum (líkan 3). Hvað varðar aldur var eingöngu prófuð samvirkni með aldri sem megináhrifum og ekki til viðbótar með aldri sem sveiglínuáhrifum. Ástæða þess er að Tilgátur 3 og 4 fjalla fyrst og fremst um það hvort að aldur sem megináhrif hafi breyst yfir tíma en ekki hvort eða hvernig að sveiglínuáhrif hafi breyst yfir tíma. Ein rökin fyrir því að bæta við samvirknibreytum með sveiglínuáhrifum aldurs eru að slíkt módel myndi mögulega sýna raunsannari mynd af því hvernig breytileg áhrif aldurs á kosningaþátttöku hafa breyst yfir tíma og ef að nota ætti módelið til að spá fyrir um líkur þess að einstaklingar á ákveðnum aldri kjósi væri rétt að hafa með samvirknibreytur með aldri sem sveiglínuáhrifum sem hluta af módelinu. Líkt og þegar hefur komið fram er áhersla hér á að greina breytingar á megináhrifum aldurs yfir tíma og af þeim sökum eru eingöngu greind samvirkni með aldri sem megináhrifum. Þrúbreytu samvirkni krefst þess að settar eru inn fjórar samvirknibreytur alls, eina þrúbreytu og þrjár tvíbreytu (eina milli allra þriggja breyta sem eru hluti af þrúbreytu samvirkni). Önnur ástæða þess að ekki eru settar inn í líkönin samvirknibreytur með aldri sem sveiglínuáhrifum er sú að takmörk eru fyrir því hversu margar samvirknibreytur er hægt að keyra í einu og sama módelinu þar sem ekki er nægilega hár fjöldi gagnapunkta (hér svarenda) til þess hægt sé að greina á milli svo margra samvirkniáhrifa, og á þetta sér í lagi við um þegar fylgibreytan er þess eðlis að mikill minnihluti svarenda velur einn valkostinn líkt og á við í þeim greiningum sem hér eru settar fram.

Áhugi ungs fólks á stjórnmálum hefur samkvæmt niðurstöðum úr líkani 4 í Töflu 2 svipaðar forspálikur um kosningaþátttöku ungs fólks yfir tíma. Tilgáta 3 um að áhugi á stjórnmálum hefði veikari tengsl við kosningaþátttöku í dag heldur en áður fyrr er því ekki studd. Líkan 6 í Töflu 2 sýnir að þrúbreytu samvirkni á milli flokkshollustu, aldurs og kosningaárs er marktæk sem bendir til þess að tilgáta 4 geti verið studd. Til þess að átta sig á hvernig þessi áhrif hafa breyst eru á Mynd 6 sýndar forspálikur þess að kjósa eftir árum, aldri og hvort að viðkomandi sé flokkshollur eða ekki, þar sem öllum öðrum frumbreytum er haldið föstum í meðaltali þeirra.



**Mynd 6.** Forspálíkur aldurs og flokkshollustu á kosningabátttöku eftir kosningarári

Sjá má að langmesta breytingin hefur orðið á líkum þess að kjósa meðal yngstu kjósendanna sem eru flokkshollir. Hér, líkt og í umfjöllun um flokkshollustu getur verið gagnlegt að bera saman mun á breytingum á forspálíkum þess að kjósa þó svo að taka beri tölugildum forspálíkna með fyrirvara. Í upphafi tímabilsins sem er til skoðunnar, eða árið 1987, voru ungir flokkshollir kjósendur nær alveg jafnlíklegir til þess að kjósa, samanborið við aðra flokksholla kjósendur. Líkur flokksholla einstaklinga, hvort sem þeir voru 19 ára, 43 ára eða 68 ára til þess að hafa kosið voru árið 1987 96%. Í lok tímabilsins, eða árið 2017 voru líkur 19 ára flokksholls kjósenda að hafa kosið 58%, samanborið við mun hærrí líkur á þátttöku eldri kjósenda og annarra flokksholla kjósenda. Athyglisvert er að ungir flokkshollir kjósendur virðast seinni árin vera ólíkegri (56%) til þess að kjósa ekki samanborið við unga óflokksholla kjósendur (72%) en vikmörkin benda til þess að þessi munur sé ekki marktækur.

## 5. Umræður

Tilgangur þessarar greinar var að rannsaka hvað kann að orsaka lækkandi kosningabátttöku á Íslandi, með sérstaka áherslu á yngstu kynslóð kjósenda þar sem lækkandi kosningabátttaka hefur verið mest áberandi meðal þeirra. Farið var yfir helstu þætti sem hafa áhrif á kosningabátttöku og mynstur sem greina má í helstu rannsóknnum á henni. Fyrsta tilgátan í þessari grein spáði um og rannsakaði hvort greina mætti kynslóðabil í

kosningaþátttöku á Íslandi þar sem yngsta kynslóðin samtímans væri ólíklegri til að kjósa samanborið við yngstu kynslóðir fyrri tíma. Önnur tilgátan var um samspil aldurs og kosningaþátttöku og spáði fyrir um að æviskeiðsáhrif hefðu breyst með þeim hætti að seinkun hefði orðið á kosningaþátttöku ungs fólks í dag miðað við áður fyrr. Á meðan kosningaþátttaka hefur lækkað töluvert hjá yngri kjósendum þá virðist hún hafa haldist mun stöðugri hjá eldri aldurshópum. Tilgátur þrjú og fjögur skoðuðu hvort að áhugi og flokkshollusta hefði minni áhrif á þátttöku ungs fólks í dag heldur en áður fyrr, og reyndist svo vera með flokkhollustu en ekki með áhuga.

Niðurstöður þessarar rannsóknar styðja við tilgátuna um að greina megi kynslóðabil í kosningaþátttöku á Íslandi sem er tilkomið vegna kynslóðabreytinga. Eldri kynslóðir kjósenda eru líklegri til þess að kjósa heldur en yngsta kynslóðin og er þessi kynslóðabreyting í samræmi við niðurstöður rannsókna á öðrum Vesturlöndum. Gengið var úr skugga um þessi kynslóðabreyting hefði orðið að teknu tilliti til aldurs kjósenda og kosningaárs. Þá vaknar upp spurningin hver þessi kynslóðaáhrif séu og hvers vegna ný kynslóð kjósenda er ólíklegri til þess að nýta kosningarrétt sinn. Enn sem komið er, er ekki vitað um umfang breytinganna. Hvort að lág þátttaka yngstu kynslóðarinnar muni halda sé út æviskeið hennar og skilji þannig eftir sig fótspor lágrar þátttöku. Eða hvort að breytingin sé fyrst og fremst tilkominn vegna seinkunnar á æviskeiðsáhrifum þar sem yngsta kynslóðin er í dag seinni til að koma inn sem nýjir kjósendur. Með þessu er átt við að ungt fólk er að fullorðnast hægar að því leyti að það býr lengur í foreldrahúsum og er lengur í námi heldur en ungt fólk áður fyrr, og á meðan þau er í þeirri stöðu geta þau upplifað að hagsmunir þeirra í samfélaginu séu þar af leiðandi minni heldur en eldra fólks. Það getur þýtt að minni hvati sé til staðar hjá ungu fólki til þess að taka þátt í kosningum þar sem það er minna undir og þau eru að sama skapi ekki eins innlimuð í samfélagið og hinir sem eldri eru. Hvort um slíkar breytingar sé að ræða, kynslóðabreytingu með áframhaldandi lágrri þátttöku eða kynslóðabreytingu með seinkun á æviskeiðsáhrifum verður tíminn á leiða í ljós.

Í framhaldi af þessu voru teknar til greina og greindar tvær mögulegar skýringar á minnkandi þátttöku ungs fólks í kosningum, sem voru áhugi á stjórnmálum og flokkshollusta. Niðurstöður sýna að ungt fólk í dag hefur svipaðan áhuga á stjórnmálum líkt og bæði eldra fólk og ungt fólk fyrri tíma, og breyttur áhugi er ekki skýring á lækkandi kosningaþátttöku yngstu kynslóðarinnar. Það sem virðist hafa breyst eru áhrif flokkshollustu á kosningaþátttöku ungs fólks. Flokkshollusta hefur í dag minna vægi í því að hvetja ungt fólk til að kjósa heldur en hún hafði áður fyrr. Ef flokkshollusta er tekin sem vísir á hefðbundna stjórnmálaþátttöku eða það að kjósendur aðhyllist hefðbundna stjórnmálaflokka, gæti minnkandi vægi flokkshollustu í kosningaþátttöku verið til marks um að ungt fólk hallist að viðtækari þátttöku í stjórnmálum en hefðbundnu flokkastarfi og þátttöku í kosningum. Það sem styður við þetta er að ungt fólk í dag hefur svipaðan áhuga á stjórnmálum og bæði ungt fólk áður fyrr og þeirra sem eru eldri. Ungt fólk getur þar af leiðandi haft áhuga á stjórnmálaþátttöku, en er mögulega hallara undir annars konar þátttöku en það að kjósa. Samandregið þá er hægt að draga þá ályktun að yngsta

kynslóð kjósenda samtímans hafi ekki aðlagast að hefðbundinni þátttöku í stjórnámum og komið því upp í vana að kjósa, líkt og fyrri kynslóðir. Það gæti því verið að eiga sér stað langtímabreyting á kosningabátttöku á Íslandi.

Framtíðarrannsóknir gætu miðað að því að reyna skýra betur hvað hefur breyst hjá nýrri kynslóð, sem orsakað hefur það kynslóðabil í kosningabátttöku, sem greint var í þessari rannsókn. Viðhorf yngri kjósenda samtímans gagnvart hefðbundnum stjórnámum getur hafa breyst en það þyrfti að rannsaka betur með hvaða hætti. Mögulega upplifa yngri kynslóðir kosningarrétt sinn sem rétt en ekki að það sé borgaraleg skylda þeirra að kjósa. Mögulega finnst þeim einnig hin hefðbundnu stjórnám vera fjarlæg sér og þau finnst þau ekki geta haft áhrif með hefðbundnum leiðum eða þátttöku. Einnig væri áhugavert að skoða hvernig hinir ýmsu áhrifaþættir, líkt og viðhorf og traust gagnvart stjórnvöldum og stjórnámum hefur þróast eftir aldursþópum milli kosningaára og hvort það geti mögulega útskýrt lækandi kosningabátttöku.

Stjórnvöld mega ekki horfa framhjá þeirri þróun sem er að eiga sér stað og sitja aðgerðarlaus hjá á meðan gjá myndast milli yngri kynslóða og stjórnvalda á Íslandi, þörf er á að brúa þetta bil. Lausnin þarf ekki endilega að vera að draga ungt fólk á kjörstað. Samfélagið virðist vera að breytast og þurfa stjórnám og stofnanir samfélagsins að bregðast við þessum breytingum sem yngri kynslóðirnar hafa upplifað og eru hluti af. Því verður vitnað hér í orð Kofi Annan: „Ungt fólk þarf að vera tekið með frá fæðingu. Samfélag sem er ótengt æsku sinni er að skera á líflínu sína“ (Sameinuðu þjóðirnar 1998).

## Aftanmálgreinar

- 1 Þessi grein er byggð á BA ritgerð Eiríks Búa, Lækkandi kosningabátttaka á Íslandi: Kynslóð latra kjósenda? Höfundar þakka ritrýningu fyrir góðar og gagnlegar athugasemdir
- 2 Vegna mistaka í gagnaöflun var spurningin um hvort að svarandi líti á sig sem stuðningsmann flokks ekki í spurningalistanum árið 2007. Þess í stað er notuð spurningin um hvort að svarandi telur sig standa nærri flokki, sem á einnig að mæla flokkshollustu. Það að notuð sé önnur spurning árið 2007 skýrir væntanlega að hlutfall kjósenda sem eru flokkshollir, eins og sett er fram á Mynd 4, er herra heldur en hin árin. Greiningarnar sem settar eru fram í þessari grein hafa verið keyrðar bæði með og án ársins 2007 og niðurstöður eru sambærilegar.
- 3 Í gögnum Íslensku kosningarannsóknarinnar hafa heimilistekjur á milli ára verið samræmdar með þeim hætti að endurkóða tekjur hvers árs á skala frá 0 (lægstu tekjurnar) til 1 (hæstu tekjurnar).

## Heimildaskrá

- Arnett, J.J. (2002). „The psychology of globalization”, *American Psychologist* 57(10), 774-783.
- Bhatti, Y., Hansen, K.M. og Wass, H. (2012). „The Relationship between Age and Turnout: A Roller-Coaster Ride”, *Electoral Studies* 31(3), 588-93.
- Blais, A., Gidengil, E., Nevitte, N. og Nadeau, N. (2004). „Where Does Turnout Decline Come From?“, *European Journal of Political Research* 43(2), 221-36.
- Blais, A., Massicotte, L. og Dobrzynska, A. (2003). *Why Is Turnout Higher in Some Countries than in Others?*. Canada: Elections Canada.
- Blais, A. og Rubenson, D. (2013). „The Source of Turnout Decline: New values or New contexts“, *Comparative Political Studies* 46(1), 95-117.
- Blais, A. (2000). *To Vote Or Not To Vote?: The Merits and Limits of Rational Choice Theory*. Pittsburgh, PA: University of Pittsburgh Press.

- Brady, H.E., Verba, S. og Schlozman K.L. (1995). „Beyond Ses: A Resource Model of Political Participation”, *The American Political Science Review* 89(2), 271-294.
- Bára Hulda Beck (2016). „Skiptir kosningabátttaka ungs fólks máli?“, *Kjarninn*, 23. júní. Sótt 8. október 2019 af <https://kjarninn.is/skyring/2016-06-22-skiptir-kosningathatttaka-ungu-folks-mali/>
- Dalton, R.J. (2008). „Citizenship Norms and the Expansion of Political Participation“, *Political Studies* 56, 76-98.
- Dalton, R.J. (2008). „The Quantity and the Quality of Party Systems. Party System Polarization, Its Measurement, and Its Consequences“, *Comparative Political Studies* 41(7), 899-920.
- Dalton, R.J. (2011). „Youth and Participation Beyond Elections”, *Engaging Youth in Politics*. New York: Open Society Institute. Sótt 8. október 2019 af: <https://pdfs.semanticscholar.org/e34d/28096f41776b1b16f44c1961cc23a8f1b799.pdf>
- Dalton, R.J. (2016). „Party Identification and its Implications“, *Oxford Research Encyclopedia, Politics*. Oxford: Oxford University Press. Sótt 8. október 2019 af: <https://oxfordre.com/politics/view/10.1093/acrefore/9780190228637.001.0001/acrefore-9780190228637-e-72?rsk=8&result=2>
- DeBell, M., Krosnick, J.A., Gera, K., Yeager, D.S. og McDonald, M.P. (2018). „The Turnout Gap in Surveys: Explanations and Solutions“, *Sociological Methods & Research*, 1-30. <https://doi.org/10.1177/0049124118769085>
- Ellis, A. (2004). „Participation and Turnout: Relating Knowledge and Tools of the Practical Questions Facing Democratic Reformers“, *Participation* 28(3), 6-10.
- Esser, F. og de Vreese, C.H. (2015). „Comparing Young Voters’ Political Engagement in the United States and Europe“, *American Behavioral Scientist* 50(9), 1195–1213.
- Eva H. Önnudóttir og Ólafur Þ. Harðarson (væntanlegt). „Party Identification and its Evolution Over Time: Party Systems, Voters and Education Level“, í S. Holmberg og H. Oscarsson (ritstj.), *Research Handbook on Political Partisanship*. Cheltenham: Edward Elgar Publishing.
- Fieldhouse, E., Tranmer, M. og Russell, A. (2007). „Something about Young People or Something about Elections? Electoral Participation of Young People in Europe: Evidence from a Multilevel Analysis of the European Social Survey“, *European Journal of Political Research* 46(6), 797–822.
- Fieldhouse, E. og Cutts, D. (2012). „The Companion Effect: Household and Local Context and the Turnout of Young People“, *The Journal of Politics* 74(3), 856-69.
- Fieldhouse, E. og Cutts, D. (2016). „Shared Partisanship, Household Norms and Turnout: Testing a Relational Theory of Electoral Participation“, *British Journal of Political Science* 48(3), 807-823.
- Franklin, M.N. (2004). *Voter Turnout and the Dynamics of Electoral Competition in Established Democracies since 1945*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Franklin, M.N., Lyons, P. og Marsh, M. (2004). „Generational Basis of Turnout Decline in Established Democracies“, *Acta Politica* 39(2), 115-151.
- Geys, B. (2006). „Explaining Voter Turnout: A Review of Aggregate Level Research“, *Electoral Studies* 25(4), 637-663.
- Gimpel, J.G. og Schuknecht, J.E. (2003). „Political Participation and the Accessibility of the Ballot Box“, *Political Geography* 22(5), 471–488.
- Gray, M. og Caul, M. (2000). „Declining Voter Turnout in Advanced Industrial Democracies, 1950 to 1997“, *Comparative Political Studies* 33(9), 1091-1122.
- Grétar Þór Eypórsson og Eva H. Önnudóttir (2017). „Abstainers’ Reasoning for not Voting: The Icelandic Local Government Election 2014“, *Íslenska Þjóðfélagið* 8, 23-42.
- Grönlund, K. og Setälä, M. (2007). „Political Trust, Satisfaction and Voter Turnout“, *Comparative European Politics* 5(4), 400-422.
- Hagstofa Íslands (2017). „Kosningabátttaka í Alþingiskosningum 1874-2017“. Sótt 8. október 2019 af [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_kosningar\\_\\_yflit/KOS02001.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__kosningar__yflit/KOS02001.px)
- Henn, M., Weinstein, M. og Wring, D. (2002). „A Generation Apart? Youth and Political Participation in Britain“, *The British Journal of Politics and International Relations* 4(2), 167-192.

- Hooghe, M., Oser, J. og Marien, S. (2016). „A comparative analysis of ‘good citizenship’: A latent class analysis of adolescents’ citizenship norms in 38 countries“, *International Political Science Review* 37(1), 115-127.
- Íslenska kosningarannsóknin (e.d.). „Íslenska kosningarannsóknin“. Sótt 20. mars 2019 af [http://fel.hi.is/islenska\\_kosningarannsoknin](http://fel.hi.is/islenska_kosningarannsoknin)
- Jackman, S. og Spahn, B. (2014). „Why does the American National Election Study Overestimate Voter Turnout?“, *Political Analysis* 27(2), 193-207.
- Johnston, R. (1992). „Political Generations and Electoral Change in Canada“, *British Journal of Political Science* 22(1), 93-115.
- Kimberlee, R.H. (2002). „Why Don’t British Young People Vote at General Elections?“, *Journal of Youth Studies* 5(1), 85-98.
- Landssamband æskulýðsfélaga (2013). *Skýrsla LÆF um kjörsókn og samfélagsþátttöku ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Landssamband Æskulýðsfélaga. Sótt 8. október af <https://luf.is/wp-content/uploads/2018/02/Samf%C3%A9lags%C3%BE%C3%A1tttaka.pdf>
- Lyons, W. og Alexander, R. (2000). „A Tale of Two Electorates: Generational Replacement and the Decline of Voting in Presidential Elections“, *The Journal of Politics* 62(4), 1014-1034.
- Martin, I. og van Deth, W.J. (2007). „Political Involvement“, í J.W. van Deth, J.R. Montero og A. Westholm (ritstj.), *Citizenship and Involvement in European Democracies: A comparative analysis* (bls. 303-333). Oxon: Routledge.
- Mattila, M. (2003). „Why bother? Determinants of turnout in the European elections“, *Electoral Studies* 22, 449-468.
- Nie, N.H., Junn, J. og Stehlik-Barry, K. (1996). *Education and Democratic Citizenship in America*. Chicago: University of Chicago Press.
- Phelps, E. (2004). „Young Citizens and Changing Electoral Turnout, 1964-2001“, *The Political Quarterly* 75(3), 238-248.
- Plutzer, E. (2002). „Becoming a Habitual Voter: Inertia, Resources, and Growth in Young Adulthood“, *American Political Science Review* 96(1), 41-56.
- Quintelier, E. (2007). „Differences in Political Participation between Young and Old People“, *Contemporary Politics* 13(2), 165-180.
- Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir (2016). „Uppeldisaðferðir foreldra og viðhorf ungmenna til virkar borgaralegrar þátttöku fólks“, í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley S. Bender (ritstj.), *Ungt fólk - tekist á við tilveruna*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir (2017). „Viðhorf ungs fólks til pólitískrar þátttöku“, *Stjórnámál & Stjórnýsla* 13(2), 287-310.
- Reif, K. og Schmitt, H. (1980). „Nine Second Order National Elections: A Conceptual Framework for the Analysis of European Election Result“, *European Journal of Political Research* 8(1), 3-44.
- Reykjavíkurborg (2014). „Minnsta kjörsókn í borgarstjórnarkosningum frá 1928“, 14. ágúst. Sótt 8. október 2019 af <https://reykjavik.is/frettir/minnsta-kjorsokn-i-borgarstjornarkosningum-fra-1928>
- Sameinuðu þjóðirnar (1998). „‘A Society that Cuts itself off from its Youth Severs its Lifeline’, Secretary-General Tells Ministers for Youth World Conference“, *Fréttatilkynning SG/SM/6679-SOC74464*, 10. ágúst. Sótt 8. október af <https://www.un.org/press/en/1998/19980810.sgsm6670.html>
- Selb, P. og Munzert, S. (2013). „Voter Overrepresentation, Vote Misreporting, and Turnout Bias in Postelection Surveys“, *Electoral Studies* 32, 186-196.
- Söderlund, P., Wass, H. og Blais, A. (2011). „The Impact of Motivational and Contextual Factors on Turnout in First- and Second Order Elections“, *Electoral Studies* 30, 689-699.
- Verba, S. og Nie, N.H. (1972). *Participation in America: Political Democracy and Social Equality*. New York: Harper and Row.
- Wass, H. (2007). „The Effects of Age, Generation and Period on Turnout in Finland 1975-2003“, *Electoral Studies* 26, 648-659.

## Viðauki

## V1. Úrtaksstærð, svarhlutfall og fjöldi svarenda í greiningum í Töflu 1 og 2

Ár	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi svara	Svarhlutfall, %	Fjöldi svarenda sem eru hluti af greiningu í Töflu 1	% svarenda sem eru hluti af greiningu í Töflu 1	Fjöldi svarenda sem eru hluti af greiningu í Töflu 2	% svarenda sem eru hluti af greiningu í Töflu 2
1983	1268	1003	79,1	978	98%	-	-
1987	2306	1746	75,7	1532	88%	1115	64%
1991	2000 <sup>1</sup>	1500	75,0 <sup>1</sup>	1286	86%	933	62%
1995	2326	1721	74,0	1494	87%	1144	66%
1999	2251	1632	72,5	1570	96%	1187	73%
2003	2249	1446	64,3	1368	95%	959	66%
2007	2493	1596	64,0	1501	94%	1129	71%
2009	2434	1385	56,9	1341	97%	1026	74%
2013	2494	1479	59,3	1364	92%	1034	70%
2016	2557	1296	50,7	1202	93%	809	62%
2017	3923 / 1962	2071/1036	52,8	1925	93%	673 <sup>2</sup>	65% <sup>2</sup>

<sup>1</sup>Ekki er vitað með vissu hver var stærð úrtaksins fyrir Íslensku kosningarannsóknina árið 1991. Ólafur Þ. Harðarson sem stýrði rannsóknaverkefninu telur að svarhlutfallið hafi verið um það bil 75% (svipað og í Íslensku kosningarannsókninni 1987 og 1995). Miðað við 75% svarhlutfall hefur stærð úrtaksins árið 1991 verið í kringum 2000 manns.

<sup>2</sup>Árið 2017 var spurningalistanum skipt í þrjá hluta þar sem tveir hlutarnir voru eingöngu lagðir fyrir sithvorn helming úrtaksins sem var að þessu sinni mun stærra heldur en fyrri ár. Ein af spurningunum sem var eingöngu lögð fyrir annan helming úrtaksins var sú spurning um flokkshollustu sem notuð er í greiningum í Töflu 2 og af þeim sökum er fjöldi svara mun lægri heldur en hann hefur verið fyrri ár. Hlutfall svarenda sem eru hluti af greiningu í Töflu 2 er reiknað sem hlutfall svarenda af helming svara.

## V2. Sömu líkön og í Töflu 1 með óvigtuðum gögnum

	Z-gildi
Kosningarár (1983-2017)	1,85+
Aldur	6,91***
Aldur í öðru veldi	-7,72***
Kynslóð, viðmiðunarrhópur: 1984-1999	
1900-1946	2,34+
1947-1959	3,16**
1960-1972	3,79***
1973-1983	2,38*
Fasti	-,59
N	15561
Nagelkerke R <sup>2</sup>	,03

Notuð er aðhvarfsgreining hlutfalla. Fylgibreyta er hvort að svarandi kaus (1) eða kaus ekki (0). Marktektarmörk: +p<0.1; \*p<0.05; \*\*p<0.01 \*\*\*p<0.001. Gögnin eru vigtuð miðað við kjörsókn. Forrit: Stata 15.

## V3. Sömu líkön og í Töflu 3 með óvigtuðum gögnum

	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3	Líkan 4	Líkan 5	Líkan 6
	Z-gildi	Z-gildi	Z-gildi	Z-gildi	Z-gildi	Z-gildi
Kosningaár (1983-2017)	-2,89**	-2,25*	-2,95**	-,27	-2,78**	-,62
Aldur (miðjaður)	5,86***	1,18	1,00	,54	4,19***	,64
Aldur í öðru veldi (miðjaður)	-5,27***	-3,37**	-5,27***	-5,43***	-5,32***	-5,44***
Áhugi á stjórnámum (5.punkta kvarði, 1=enginn áhugi, 5=mjög mikill áhugi)	11,51***	11,43***	11,50***	5,88***	11,49***	11,40***
Flokkshollusta (1=já, 0=nei)	5,59***	5,72***	5,55***	5,61***	5,89***	5,55***
Traust til stjórnámanna (5 punkta kvarði, 1=engum treystandi, 5=flestum treystandi)	6,32***	6,31***	6,26***	6,30***	6,28***	6,36***
<i>Grunnskólamenntun</i>						
Framhaldsskólamenntun	1,58	1,61	1,62	1,64	1,55	1,49
Iðnmenntun	,65	,55	,59	,47	,64	,48
Háskólamenntun	1,30	1,35	1,29	1,27	1,26	1,15
Í hjónabandi/sambúð (1=já, 0=nei)	7,09***	7,04***	7,06***	7,07***	7,10***	7,11***
Karl (1=já, 0=nei)	-3,14**	-3,09**	-3,09**	-3,05**	-3,14	-3,09**
Býr á höfuðborgarsvæðinu (1=já, 0=nei)	-,38	-,31	-,43	,36	-,38	-,22
Heimilistekjur frá lægstu (0) til hæstu (1)	-3,18**	-3,36**	-3,21**	-3,36**	-3,19**	-3,47**
Aldur*kosningaár		1,79+		-,02		1,43
Aldur í öðru veldi*kosningaár		,88				
Aldur*áhugi á stjórnámum			1,39	-,19		
Kosningaár*áhugi á stjórnámum				-,63		
Áhugi á stjórnámum*kosningaár*aldur				,81		
Aldur*flokkshollusta					2,32*	-,55
Flokkshollusta*kosningaár						-3,24**
Flokkshollusta*kosningaár*aldur						1,86+
Fasti	1,23	1,39	1,13	,19	1,17	,33
N	10009	10009	10009	10009	10009	10009
Nagelkerke R <sup>2</sup>	,14	,14	,14	,14	,14	,14

Notuð er aðhvarfsgreining hlutfalla. Fylgibreyta er hvort að svarandi kaus (1) eða kaus ekki (0). Marktektarmörk: +p<0.1; \*p<0.05; \*\*p<0.01 \*\*\*p<0.001. Forrit: Stata 15.